

# Konur af erlendum uppruna í íslensku velferðarsamfélagi: Staða á vinnumarkaði, félagsleg tengsl og líðan

Berglind Hólm Ragnarsdóttir, lektor við Háskólann á Akureyri

Valgerður S. Bjarnadóttir, lektor við Háskóla Íslands

Andrea Hjálmsdóttir, lektor við Háskólann á Akureyri

Bergljót Þrastardóttir, lektor við Háskólann á Akureyri

**ÚTDRÁTTUR:** Tilgangur þessarar rannsóknar er að draga fram þætti sem tengjast félagslegri stöðu og tækifærum kvenna af erlendum uppruna í samanburði við konur af íslenskum uppruna, með því að varpa ljósi á stöðu á atvinnu- og húsnæðismarkaði, félagsleg tengsl og einkenni streitu, kvíða og þunglyndis. Rannsóknin byggist á nokkuð umfangsmikilli könnun sem lögð var fyrir konur á aldrinum 25–64 ára á vormánuðum 2022. Helstu niðurstöður eru þær að í samanburði við konur af íslenskum uppruna búa konur af erlendum uppruna við meira óöryggi og krefjandi aðstæður á vinnu- og húsnæðismarkaði, fjárhagsstaða þeirra er verri og þær eru ólíklegri til að fá menntun sína metna að verðleikum. Félagsleg tengsl þeirra eru takmarkaðri og andleg líðan þeirra verri. Þá kemur tímaskortur og fjárhagsstaða í veg fyrir að þær leiti sér aðstoðar vegna andlegrar vanlíðanar. Niðurstöðurnar varpa þannig ljósi á ójöfnuð meðal kvenna í íslensku velferðarsamfélagi, þar sem konur af erlendum uppruna búa við fjölbættari samfélagslegar hindranir sem koma í veg fyrir inngildingu og jöfn tækifæri. Niðurstöðurnar ógna þannig ímyndinni um hið sterka velferðarsamfélag sem byggir á jöfnum tækifærum og sterkri stöðu kvenna.

**LYKILORD:** Erlendar konur - Félagsleg tengsl - Inngilding - Andleg líðan - Velferðarkerfið

**ABSTRACT:** This article develops a descriptive comparison of the subjective and economic wellbeing of foreign-born and native Icelandic women. The data is taken from an original and extensive survey conducted in 2022 among women aged 25–64. The results of this survey demonstrate that foreign-born women occupy a more precarious position across

all surveyed domains of social life. Compared to native-born Icelandic women, foreign-born women are in a more fragile position in the housing and employment markets, and have a greater likelihood of experiencing occupation-education mismatch. At the same time, foreign-born women in Iceland have more limited social networks and worse mental health. While Iceland is typically celebrated for its achievements in gender equality, the intersectional nature of this research demonstrates notable inequalities between women in Iceland, highlighting the multifaceted barriers that foreign-born women face.

**KEYWORDS:** Foreign women – Social networks – Inclusion – Mental well-being– Welfare-system

## Inngangur

Íslendingar þykja almennt standa sig vel í jafnréttismálum, enda hefur Ísland lengi vermt efsta sætið á lista Alþjóðaefnahagsráðsins sem mælir jafnrétti kynjanna hvað varðar efnahag, pólitíska stöðu, menntun og heilbrigði (World Economic Forum, 2023). Ítrekað hefur þó verið bent á að ímynd landsins sem jafnréttisparadísar samrýmist ekki raunveruleikanum (Þorgerður J. Einarsdóttir, 2020) og nýlegar rannsóknir á stéttaskiptingu á Íslandi hafa sömuleiðis hrist upp í viðteknum hugmyndum um stéttleysi í íslensku velferðarsamfélagi (Auður Magnús Auðardóttir, 2022; Berglind Rós Magnúsdóttir o.fl., 2020; Guðmundur Oddsson, 2022). Í þessu samhengi er mikilvægt að skoða ójöfnuð innan hópa, til dæmis meðal kvenna, enda benda nýlegar rannsóknir til þess að sá ójöfnuður fari vaxandi (VanHeuvelen, 2018) og að aukin skautun (e. *polarisation*) sé að verða á milli kvenna á Vesturlöndum (Gornick o.fl., 2019).

Þannig eru vísbendingar um að aukinn jöfnuður milli karla og kvenna skili sér fyrst og fremst til kvenna sem búa við ákveðin forréttindi og að árangur þeirra byggist ekki síst á vinnuframlagi kvenna í lægri stéttum (Esping-Andersen, 2009), til dæmis innflytjendakvenna. Konur af erlendum uppruna eru mjög virkar á íslenskum vinnumarkaði en staða þeirra þar er viðkvæmari en staða íslenskra kvenna. Þær vinna í meiri mæli einhæf láglæunastörf sem gjarnan eru líkamlega erfið og vinna frekar vaktavinnu (Unnur Dís Skaptadóttir og Kristín Loftsdóttir, 2019). Þá hafa rannsóknir á stöðu innflytjendakvenna á Íslandi sýnt að þær eiga oftast í erfiðleikum með að fá menntun sína metnað verðleikum (Lara W. Hoffman o.fl., 2020; Unnur Dís Skaptadóttir og Kristín Loftsdóttir, 2019). Auk þessarar lagskiptingar á vinnumarkaði, eru erlendar konur líklegri en konur af íslenskum uppruna til að vera á leigumarkaði og búa við íþyngjandi húsnæðiskostnað (Guðbjörg Ottósdóttir, 2018). Í alþjóðlegu samhengi virðast innflytjendakonur almennt líka búa við slakari líkamlega og andlega heilsu (Delara, 2016).

Af þessu má sjá að mikilvægt er að skoða samtvinnun (e. *intersectionality*) mismunabreyta eins og uppruna og kyns. Samtvinnun mismunabreyta er lykilhugtak í femínískum fræðum sem lýsir því hvernig ólíkir þættir félagslegs bakgrunns fléttast saman og geta aukið á jaðarsetningu og mismunun (McCall, 2005). Samkvæmt ofangreindum rannsóknarniðurstöðum eru auknar líkur á jaðarsetningu og tvöfaldri mismunun kvenna af erlendum uppruna á íslenskum vinnumarkaði og í íslensku samfélagi.

Í skýrslu OECD (2024) um stöðu innflytjenda á íslenskum vinnumarkaði kemur fram að á meðal OECD-landanna hafi hlutfall innflytjenda hvergi aukist meira en á Íslandi, en hlutfall innflytjenda fór úr 8% í rúmlega 18% á árunum 2013–2023. Þessari þróun fylgja ýmsar áskoranir. Opinber stefnumótun í málefnum innflytjenda leggur sífellt meiri áherslu á innngildingu (e. *inclusion*)<sup>1</sup> sem

<sup>1</sup> Í sumum þeirra rannsókna sem við fjöllum um hér á eftir er notast við hugtakið aðlögun (e. *integration*) í umfjöllun um innflytjendur, í samræmi við ríkjandi hugmyndafræði og hugtakanotkun á hverjum tíma. Þó að við leggjum til grundvallar hugmyndafræði innngildingar notum við einnig orðið aðlögun í samræmi við hugtakanotkun viðkomandi höfundar.

felur í sér gagnkvæma aðlögun, jöfn tækifæri og virka þátttöku bæði í samfélaginu og á vinnu- markaði. Í grænbók í málefnum innflytjenda og flóttafólks er hugtakið lagt til grundvallar þegar rætt er um möguleika til þátttöku í samfélaginu og með því „er átt við samskiptaform og ramma sem miðar að því að virkja allt fólk til þátttöku“. Þá er einnig átt við þátttöku í ákvarðanatöku og að „gera þurfi ráð fyrir fjölbreytileika í allri þjónustu og starfi“ (Félags- og vinnumarkaðsráðuneytið, 2023, bls. 9). Eins og hér hefur verið rakið eru ýmsar vísbendingar um brotalamir í samfélagi okkar þegar kemur að þátttöku og tækifærum innflytjendakvenna í samanburði við konur af íslenskum uppruna.

Ljóst er að konur af erlendum uppruna á Íslandi eru alls ekki einsleitur hópur og að staða þeirra er mismunandi en tilgangur þessarar rannsóknar er að draga fram þætti sem tengjast félagslegri stöðu og tækifærum kvenna af erlendum uppruna í samanburði við konur af íslenskum uppruna. Þannig er ætlunin að teikna upp fyllri mynd af margslungnum veruleika þessa hóps og mögulegum hindrunum þegar kemur að inngildingu í íslensku velferðarsamfélagi. Hér verður leitast við að varpa ljósi á hvernig ójöfnuður meðal kvenna af íslenskum og erlendum uppruna endurspeglast í stöðu þeirra á vinnu- og húsnæðismarkaði, andlegri líðan og félagslegum tengslum. Rannsóknin byggist á gögnum nokkuð umfangsmikillar spurningakönnunar sem lögð var fyrir konur á aldrinum 25 til 64 ára á vor- mánuðum 2022.

## Fræðilegt samhengi: Velferðarkerfi og félagsleg tengsl

Fræðilegt samhengi rannsóknarinnar byggist á viðteknum hugmyndum um hlutverk velferðarkerfis- ins sem jöfnunartækis, á sama tíma og ljóst er að tækifæri í fámennu og hingað til frekar einsleitu samfélagi eins og á Íslandi byggjast að miklu leyti á félagsauði. Í þessum kafla verður fjallað um samspil og togstreitu félagsauðs og velferðarkerfisins með áherslu á stöðu og tækifæri innflytjenda- kvenna.

### Velferðarsamfélagið

Ein af forsendum stefnu stjórnvalda um jöfn tækifæri og inngildingu fólks af erlendum uppruna í íslensku samfélagi er öflugt velferðarkerfi. Almennt er talað um að velferðarríki byggi á ákveðinni samtryggingu og sameiginlegri hugsjón um jöfnuð og að fólk búi við sömu grundvallarréttindi. Sér- sniðin velferðarkerfi eiga að draga úr ójöfnuði með því að bæta sérstaklega hag þeirra sem minna hafa, meðal annars með því að leitast við að tryggja íbúum viðunandi húsaskjól og félagsþjónustu, auk heilbrigðisþjónustu og menntunar (Stefán Ólafsson, 2022).

Rannsóknir á norrænum velferðarkerfum síðustu áratugi hafa leitt í ljós að fjármálakreppur og hugmyndafræði nýfrjálshyggju geta verið áskorun fyrir þróun þessara kerfa (Lødemel og Moreira, 2014) þar sem þessir þættir hafa í för með sér niðurskurð og mikla hagræðingu í ríkisrekstri sam- hliða aukinni áherslu á einkavæðingu opinberrar þjónustu (Brown, 2015). Bent hefur verið á kynjuð áhrif þessara breytinga í Evrópu, þar sem niðurskurður á opinberum útgjöldum og markaðsvæðing opinberrar þjónustu hafi fyrst og fremst bitnað á konum, ekki síst konum af erlendum uppruna (Bar- gawi o.fl., 2017; Kantola og Lombardo, 2017; Karamessini og Rubery, 2014). Þar kemur til bæði skert aðgengi að velferðarþjónustu og ótryggara vinnumhverfi fyrir konur af erlendum uppruna. Því veldur ekki síst útvistun opinberrar þjónustu, sem hefur fært umönnunarstörf til fjölpjóðlegra fyrirtækja þar sem meginþorri starfsfólks er innflytjendur (Brodin og Peterson, 2020). Þannig hefur niðurskurður í norrænum velferðarkerfum í raun aukið efnahagslegan ójöfnuð milli kynja (Elomäki, 2019). Hugtakið tvísýnleiki (e. *precarity*) hefur verið notað í þessu samhengi, til dæmis í umræðu um stöðu leigjenda (Már Wolfgang Mixa o.fl., 2021) og svokallaða harkarastétt (e. *precariat*) á vinnumarkaði, en það eru þau sem eru í lélegri samningsstöðu og hafa lítil réttindi, gjarnan fólk af erlendum uppruna. Aukinn tvísýnleiki hefur verið settur í samhengi við aukna hnattvæðingu og markaðsvæðingu, meðal annars í velferðarþjónustu (Standing, 2011). Þetta hugtak verður hér notað í samhengi við viðkvæma stöðu kvenna af erlendum uppruna í íslensku velferðarsamfélagi.

## Innflytjendur og félagsauður

Hugtakið félagsauður (e. *social capital*) er margþætt hugtak sem meðal annars nær yfir félagsleg tengsl á milli fólks og hvernig þeim tengslum er háttað. Í umræðu um félagsauð og félagsleg tengsl leitum við í smiðju Putnam (1993), en hann skilgreindi félagsauð sem þætti félagsskipunar þar sem áhersla væri á virk samskipti sem einkum byggðu á trausti, gildum og félagslegum tengslum. Í síðari skrifum gerði Putnam svo skýran greinarmun á því sem hann kallaði annars vegar brúandi (e. *bridging*) og hins vegar bindandi (e. *bonding*) félagsauð. Brúandi félagsauður myndar þannig brýr á milli ólíkra hópa, sem ná út fyrir hópa ættingja og vina, en bindandi félagsauður örvar tengsl innan slíkra hópa (Putnam, 2000). Það getur leitt til aukinnar einangrunar í einstökum innflytjendahópum ef ekki tekst að mynda brúandi tengsl milli innflytjenda og annarra hópa í samfélaginu meðan brúandi félagsauður er líklegur til að brjóta upp slík mynstur (Lecroq o.fl., 2016). Brúandi félagsauður getur þannig falið í sér tengsl við einstaklinga eða hópa sem geta veitt innflytjendum mikilvægar upplýsingar um réttindi og þjónustu, samskipti við stofnanir og stjórnsýslu í nýju landi og þætti eins og að liðka til við að fá vinnu eða húsnæði (Teegene, 2018).

## Áskoranir norrænna velferðarsamfélaga – togstreitan um félagsauð

Fræðafolk hefur bent á að sérstök áskorun geti verið fólgin í aðlögun innflytjenda í löndum, líkt og Norðurlöndunum, þar sem almennt hefur ríkt gagnkvæmt traust á milli fólks, félagsleg tengsl eru þétt og velferðarkerfin eru sterk (Forsander, 2004; Koopmans, 2010). Forsander (2004) hefur fært rök fyrir því að ein megináskorunin sem norræn velferðarkerfi standi frammi fyrir nú á dögum sé sá fjölbreytileiki sem er til staðar á vinnumarkaði vegna aukinna fólksflutninga. Norræn velferðarkerfi hafa þurft að bregðast við þessum fjölbreytileika en hafa verið gagnrýnd fyrir að byggjast á björgum sem grundvallast á einsleitri menningu og hefðum norrænna samfélaga og eru ekki næmar fyrir þörfum innflytjenda. Það getur unnið gegn tækifærum innflytjenda þrátt fyrir áherslu á jöfnuð og aðgengi að velferðarþjónustu. Í rannsókn Floru Tietgen (2024) á innflytjendakonum og starfsvenjum stofnana á Íslandi kom til að mynda fram að vegna þess hve sterk ára jafnréttis er á Íslandi og trúin á að mismunur sé sjaldan til staðar þá tileinki fulltrúar stofnana sér sjaldan sjónarmið samtvinnunar mismunabreyta, sem endurspeglast svo aftur í starfsháttum stofnunarinnar. Það er í samræmi við skrif Forsander (2004), sem bendir á að hin lokaða og, þar til nýlega, einsleita félagsgerð hafi haft hamlandi áhrif á aðlögun innflytjenda, þar sem ekki er gripið til aðgerða sem gætu raunverulega auðveldað aðlögun, eins og til að mynda að bjóða upp á tungumálakennslu, meiri aðstoð á vinnumarkaði eða sértæka starfshjálfun.

## Fyrri rannsóknir á stöðu og heilsu innflytjendakvenna

Lítið er um íslenskar rannsóknir á tengslum uppruna, kynjaöjöfnuðar og stöðu á vinnumarkaði. Þær rannsóknir sem hafa verið gerðar hafa sýnt að konur af erlendum uppruna hafi lengst af verið virkari á vinnumarkaði en konur af íslenskum uppruna en staða þeirra þar sé ótryggari. Þetta birtist meðal annars í því að þær vinna oftast vaktavinnu og vinna oftast langan vinnudag, og að atvinnuleysi er hærra meðal þeirra en innlendra kvenna (Unnur Dís Skaptadóttir og Kristín Loftsdóttir, 2019). Samkvæmt greiningu Hagstofu Íslands (2019) er talsverður launamunur innan ákveðinna starfsgreina eftir uppruna, og meðal kvenna á það ekki síst við um störf í ræstingum og mótuneytum. Erlendar konur eru einnig ólíklegri en íslenskar konur til að fá störf og laun í samræmi við menntun (Hagstofa Íslands, 2019; Koutsogeorgopoulou, 2023; Lara W. Hoffman o.fl., 2020; Unnur Dís Skaptadóttir og Kristín Loftsdóttir, 2019), enda hafa rannsóknir ítrekað sýnt að margar konur af erlendum uppruna eru fastar í láglaunastörfum sem veita litla möguleika á framgangi (t.d. Napierała og Anna Wojtyńska, 2017).

Rannsóknir hafa sýnt að aukinn fjölbreytileiki í íslensku samfélagi endurspeglast ekki í búsetu fólks (Berglind Rós Magnúsdóttir o.fl., 2020; Kolbeinn Hólmar Stefánsson, 2023). Aðgreining í búsetu endurspeglar á vissan hátt aðgengi fólks að öruggu húsnæði, sem er einn af hornsteinum

velferðarsamfélagsins. Niðurstöður rannsóknar Más Wolfgangs Mixa og félaga (2021) sýna að tví-sýnleiki einkennir íslenskan húsnæðismarkað, enda er framboð af leiguhúsnæði lítið og leiguverð gjarnan hátt. Það skýrist að hluta til af þeirri séreignarstefnu sem hefur verið ráðandi á Íslandi í gegnum tíðina og skorti á leigusamtökum, sem gerir veru á leigumarkaði krefjandi. Það á ekki síst við ef leigjendur skortir félagsleg tengsl en rannsóknir sýna að um 40% leigjenda finna húsnæði í gegnum persónuleg sambönd við vini, kunningja eða ættingja. Guðbjörg Ottósdóttir (2018) bendir á í skýrslu sinni um húsnæðisaðstæður innflytjenda á höfuðborgarsvæðinu að staða þeirra sé sérstaklega viðkvæm. Hún færir rök fyrir því að talsvert sé um mismunun gagnvart innflytjendum á leigumarkaði á Íslandi, sem birtist í neikvæðum viðhorfum, litlum sem engum upplýsingum um réttindi þeirra sem leigjenda og vanefndum á leigusamningum, sem helgist ekki síst af félagslegri stöðu þeirra. Sérstaklega séu konur berskjaldaðar fyrir mismunun.

Talsverð umræða hefur verið um andlega líðan kvenna undanfarin ár, en opinber gögn hafa jafnan sýnt að konur eru líklegri en karlar til að glíma við andlega vanheilsu, svo sem kvíða og þunglyndi (OECD, 2017). Fjárhagslegir erfiðleikar og óöryggi á vinnumarkaði hafa sterk tengsl við lakari andlega heilsu (Thomson o.fl., 2022), sérstaklega í tilfelli kvenna (Holden o.fl., 2016; Maya Staub og Kristín Heba Gísladóttir, 2023), og Warren (2015) færir rök fyrir því að það eigi ekki síst við um verkakonur. Margar fyrirbyggjandi rannsóknir á andlegri heilsu í tengslum við ýmsar bakgrunnsbreytur taka ekki tillit til innflytjendastöðu fólks. Þó má nefna að yfirlitsrannsókn Bas-Sarmiento og félaga (2017), þar sem rýnt var í rannsóknir sem fjölluðu um andlega heilsu innflytjenda í samanburði við innfædda, sýndi að innflytjendastaða ein og sér leiðir ekki til andlegrar vanheilsu þó að innflytjendur séu líklegri til að glíma við einkenni þunglyndis og kvíða, sérstaklega konur. Þau einkenni virðast tengd ýmsum félagslegum áskorunum sem fylgja því gjarnan að vera innflytjandi, til dæmis lágri innkomu, óánægju með stöðu á vinnumarkaði og erfiðum fjárhagslegum aðstæðum. Niðurstöður rannsókna Lecerof o.fl. (2016) benda jafnframt til þess að félagsauður geti skipt verulegu máli í andlegri og líkamlegri heilsu innflytjenda.

Þessar áskoranir sem innflytjendur standa frammi fyrir virðast geta haft veruleg áhrif á líkamlega og andlega heilsu þeirra. Rannsóknir benda til þess að við komuna til nýs lands sé heilsa innflytjenda almennt betri en heimafélks. Það ræðst einkum af því að þau sem hafa tækifæri til að flytja á milli landa, til dæmis í leit að nýjum atvinnutækifærum, eru almennt við góða heilsu. Heilsu þeirra hrakar svo við dvölina í viðkomulandinu og á það bæði við um líkamlega og andlega heilsu. Ekki virðist ein einföld skýring á því hvað veldur en svo virðist sem um sé að ræða samspil ýmissa þátta á borð við þá sem taldir eru upp hér að framan (Delara, 2016; Tegegne, 2018). Sérstaklega hefur verið bent á hindranir í aðgengi að velferðarþjónustu og skort á félagslegum tengslum sem megináhrifaþætti þegar kemur að lakari andlegri og líkamlegri heilsu innflytjendakvenna (Delara, 2016).

Þrátt fyrir að rannsóknir bendi til þess að heilsa innflytjenda sé lakari en innfæddra eru rannsóknir á heilsu kvenna af erlendum uppruna í íslensku samhengi og reynslu þeirra af heilbrigðiskerfinu af skorum skammti. Þær rannsóknir sem hafa verið gerðar benda þó til þess að aðgengi og upplifun erlendra kvenna af heilbrigðiskerfinu sé ekki nógu góð, þær upplifa skort á skilningi og jafnvel áhugaleysi og túlkajónustu er gjarnan ábótavant (Birna Gerður Jónsdóttir o.fl., 2011; Embla Ýr Guðmundsdóttir o.fl., 2021; Finnborg Salóme Steinþórsdóttir, 2021; Sunna Símonardóttir o.fl., 2021; Unnur Dís Skaftadóttir og Kristín Loftsdóttir, 2019). Hvað varðar andlega heilsu sérstaklega upplifa konur af erlendum uppruna sem eru hvorki í námi né vinnu ákveðnar hindranir og aðgangsstýringar að nauðsynlegum úrræðum (Margrét Einarsdóttir o.fl., 2021).

## Gögn og aðferð

Rannsóknin byggist á umfangsmikilli könnun sem lögð var fyrir konur á aldrinum 25–64 ára á vormánuðum 2022. Markmið könnunarinnar var að skoða ójöfnuð meðal kvenna á Íslandi og því mikilvægt að ná til sem breiðasts hóps kvenna. Í spurningalistakönnunum reynist oft erfitt að ná til fólks í verkastétt og til fólks af erlendum uppruna (Morville og Erlandsson, 2016). Það má því segja að

innbyggð skekkja sé í mörgum spurningakönnunum sem byggðar eru að mestu á svörum hátekju- og hámenntaðs fólks. Til að endurspegla sem best þýðið, allar konur á aldrinum 25 til 64 ára á Íslandi, var lagskipt úrtak notað. Tilviljunarúrtak var tekið úr Þjóðskrá en einnig var úrtak tekið úr félagalista Eflingar til að auka líkurnar á að ná til lágtekjukvenna og kvenna af erlendum uppruna, og ná þannig að endurspegla þýðið betur. Símakönnun var framkvæmd á úrtakinu og var spurningalistinn þýddur yfir á ensku og pólsku og því voru auk íslenskumælandi spyrsla einnig spyrslar sem töluðu ensku og pólsku. Gögnum var safnað á tímabilinu 29. mars til 30. maí 2022. Í heildarúrtakinu var 3361 kona og svaraði 1251, sem gerir svarhlutfallið 37,2%. Í úrtakinu sem tekið var úr Þjóðskrá voru 1932 konur og var svarhlutfallið 40,5% (782 svör). Í Eflingarúrtakinu voru 1429 konur og var svarhlutfallið þar 32,8% (469 svör).

Þegar lokaúrtakið er borið saman við þýðið kemur í ljós að 17% kvenna í úrtakinu eru ekki með íslenskan ríkisborgararétt og samkvæmt gögnum Hagstofunnar (Hagstofa Íslands, 2024a) eru 15% kvenna á þessum aldri á Íslandi ekki með íslenskan ríkisborgararétt. Lokaúrtakið endurspeglar því þýðið nokkuð vel hvað varðar uppruna.

Í lokaúrtakinu voru aðeins 13,2% kvenna með grunnskólamenntun samanborið við 18% kvenna í þýði samkvæmt tölum Hagstofunnar (Hagstofa Íslands, 2024b). Þá voru konurnar í úrtakinu hlutfallslega eldri en í þýðinu en 14% kvenna í úrtakinu voru 30 ára og yngri samanborið við 18% í þýði (Hagstofa Íslands, 2024a). Úrtakið í heild sinni var því vigtað eftir aldri og menntun þar sem yngsti aldurshópurinn og hlutfall kvenna með grunnskólamenntun endurspegladi ekki þýðið, konur á Íslandi á aldrinum 25–64 ára, fullkomlega. Upplýsingar til vigtunar voru fengnar hjá Hagstofu Íslands og notuð var raking-aðferð við vigtun. Raking-aðferðin er notuð til þess að reikna vogtölur á grundvelli tveggja eða fleiri breyta þegar jaðardreifing (e. *marginal distribution*) breytanna í þýðinu er þekkt en skilyrt dreifing (e. *conditional distribution*) þeirra er óþekkt. Fyrst eru vogtölurnar aðlagðar þannig að þær endurspegli dreifingu einnar breytu, næst eru þær aðlagðar til að endurspegla dreifingu næstu breytu o.s.frv. Ef aðlögun vogtalna að dreifingu einnar breytu veldur því að þær endurspegla ekki lengur dreifingu annarrar breytu eru þær aðlagðar aftur. Þetta ferli er endurtekið þar til vogtölurnar endurspegla sem best dreifingu allra breytanna.

Allar niðurstöður eru greindar eftir því hvort konur eru af íslenskum eða erlendum uppruna. Hér fer nokkuð íhaldssöm skilgreining á „erlendum uppruna“ þar sem svör þeirra kvenna sem svara „ég er íslenskur ríkisborgari en hef ekki alltaf verið það“ og þeirra sem svara „ég er ekki með íslenskt ríkisfang“ eru sameinuð. Því er ekki eingöngu verið að skoða konur sem hafa búið á Íslandi í skamman tíma heldur einnig konur sem hafa jafnvel búið hér síðan þær voru börn.

Kí-kvaðrat próf ( $\chi^2$ ) var notað til að reikna út tölfræðilega marktækni á mun á hlutföllum meðal kvenna af erlendum uppruna og íslenskum uppruna.

### Lýðfræðileg samsetning úrtaksins

Í töflu 1 getur að líta lýðfræðilega samsetningu úrtaksins eftir vigtun. Eins og sjá má eru rúmlega 70% kvennanna í úrtakinu giftar eða í sambúð, óháð því hvort þær eru af erlendum uppruna eða íslenskum. Rétt rúmlega helmingur kvenna af íslenskum uppruna á börn og helmingur kvenna af erlendum uppruna. Aldursdreifingin er nokkuð ólík meðal kvenna af íslenskum og erlendum uppruna en 64% kvenna af erlendum uppruna eru 40 ára og yngri samanborið við 38% kvenna af íslenskum uppruna. Þessi munur gæti mögulega endurspeglad að einhverju leyti þá staðreynd að meðalaldur innflytjenda á Íslandi er lægri en Íslendinga (Félags- og vinnumarkaðsráðuneytið, 2023). Að lokum má sjá að rúmlega helmingur kvenna af íslenskum uppruna hefur lokið háskólaprófi (54%), 25% hafa lokið stúdentsprófi, iðnnámi eða starfstengdu námi og 21% hefur lokið grunnskólaprófi eða sambærilegu. Þá hafa 42% kvenna af erlendum uppruna lokið háskólaprófi, 49% hafa lokið stúdentsprófi, iðnnámi eða starfstengdu námi og einungis 9% eru eingöngu með grunnskólapróf eða sambærilegt.

**Tafla 1.** Lýðfræðileg samsetnings úrtaks eftir uppruna

|                   | Sambúðarform   |           | Börn á heimili |     | Aldur           |           |           |           |                 | Menntun                          |                                      |             |
|-------------------|----------------|-----------|----------------|-----|-----------------|-----------|-----------|-----------|-----------------|----------------------------------|--------------------------------------|-------------|
|                   | Gift/i sam-búð | Ein-hleyp | Já             | Nei | 30 ára og yngri | 31–40 ára | 41–50 ára | 51–60 ára | 61 árs og eldri | Grunnskóla-próf eða sam-bærilegt | Stúdentspróf/iðnnám/starfs-tengt nám | Háskólapróf |
| Íslenskur uppruni | 72%            | 28%       | 53%            | 47% | 14%             | 24%       | 24%       | 27%       | 11%             | 21%                              | 25%                                  | 54%         |
| Fjöldi            | 656            | 256       | 639            | 587 | 127             | 219       | 219       | 246       | 99              | 190                              | 219                                  | 483         |
| Erlendur uppruni  | 72%            | 28%       | 50%            | 50% | 30%             | 34%       | 24%       | 10%       | 2%              | 9%                               | 49%                                  | 42%         |
| Fjöldi            | 225            | 87        | 156            | 158 | 94              | 108       | 75        | 31        | 7               | 28                               | 149                                  | 128         |

## Mælitæki

Til þess að meta félagslega stöðu og inngildingu kvenna af erlendum uppruna í íslensku samfélagi er staða þeirra á vinnumarkaði skoðuð, lengd vinnutíma, laun, starfsvettvangur og húsnæðisaðstæður. Laun voru mæld þannig að spurt var um heildartekjur kvenna á mánuði fyrir skatt og annan frádrátt. Með heildartekjum var átt við öll laun, aukavinnu, yfirvinnu, námslán, tryggingabætur, lífeyris-tekjur, húsnæðisbætur o.þ.h. samanlagt. Til að auðvelda úrvinnslu voru svörin flokkuð í lágar tekjur (499 þúsund eða minna), meðaltekjur (500–799 þúsund) og háar tekjur (800 þúsund eða hærri). Launabilið miðast við meðaltal launa þegar könnunin var lögð fyrir, sem var 688 þúsund krónur á mánuði, en 63% launafólks eru með regluleg laun undir meðaltali (Hagstofa Íslands, 2023). Þátt-takendur í könnuninni voru beðnir að tilgreina starfsgrein sína í aðalstarfi og var síðan stuðst við ISTARF-21 (sem byggist á alþjóðlega starfsflokkaðlinum ISCO-08) til þess að flokka störfin. Ef konurnar voru ekki í launaðri vinnu þegar könnunin fór fram voru þær beðnar um að tilgreina síðustu vinnu sem þær voru í.

Til þess að meta félagsleg tengsl kvenna voru notaðar þrjár spurningar úr nokkuð yfirgripsmiklum spurningalista sem ætlaður er til að mæla félagsauð (e. *The Integrated Questionnaire for Measuring Social Capital*). Eins og fram hefur komið er félagsauður margþætt hugtak sem nær til dæmis yfir traust, gildi og félagsleg tengsl. Áherslan hér er á félagsleg tengsl og því notum við þrjár spurningar úr listanum sem ætlaðar eru til að mæla þau (Grootaert o.fl., 2004) og voru þær þýddar og staðfærðar fyrir könnunina. Spurt var: „Fyrir utan fólkið sem þú býrð með, hversu mörgum einstaklingum ertu nákominn, líður vel með eða getur leitað aðstoðar hjá?“ og „Ef upp kæmi sú staða að þig vantaði skyndilega hóflega peningaupphæð, til hversu margra einstaklinga, fyrir utan þá sem búa á heimili þínu, gætir þú leitað sem væru tilbúnir að útvega þessa upphæð?“ Svarmöguleikar voru fimm eða fleiri, þremur eða fjórum, einum eða tveimur eða engum. Þær konur sem hafa börn á heimilinu á sínu framfæri voru síðan spurðar: „Ef þú þyrftir óvænt að fara í burtu í einn eða tvo daga, gætir þú leitað til einhvers (vinar, fjölskyldumeðlims eða nágranna) til að sjá um börnin þín á meðan?“ Svarmögu-leikarnir voru nei með vissu, nei líklega ekki, já líklegast og já með vissu.

Til þess að meta andlega líðan var DASS-21 sjálfsmatskvarðinn (e. *Depression Anxiety Stress Scale*) notaður. Kvarðinn byggir á 21 fullyrðingu sem meta eiga þunglyndi, kvíða og streitu meðal svarenda (Henry og Crawford, 2005; Lovibond og Lovibond, 1995). Spurt var hversu oft í síðast-liðinni viku viðkomandi hefði fundið fyrir hverju einkenni fyrir sig á fjörgildum skala (0 = átti alls ekki við mig, 1 = átti við mig að einhverju leyti eða stundum, 2 = átti töluvert við mig eða drjúgan hluta vikunnar og 3 = átti mjög vel við mig eða mestallan tímann). Eftirtalin sjö atriði teljast til þung-lyndiseinkenna: 3) Ég virtist alls ekki geta fundið fyrir neinum góðum tilfinningum, 5) mér fannst erfitt að hleypa í mig krafti til að gera hluti, 10) mér fannst ég ekki geta hlakkað til neins, 13) ég var döpur og niðurdregin, 16) ég gat ekki fengið brennandi áhuga á neinu, 17) mér fannst ég ekki vera mikils virði sem manneskja, og 21) mér fannst lífið vera tilgangslaust. Eftirfarandi sjö atriði teljast

til kvíðaeinkenna: 2) Ég fann fyrir munnþurrki, 4) ég átti í erfiðleikum með að anda (t.d. allt of hröð öndun, mæði án líkamlegrar áreynslu), 7) ég fann fyrir skjálfta (t.d. í höndum), 9) ég hafði áhyggjur af aðstæðum þar sem ég fengi hræðslukast (e. *panic*) og gerði mig að fífl, 15) mér fannst ég nánast gripin skelfingu, 19) ég varð vör við hjartsláttinn í mér þó ég hefði ekki reynt á mig (t.d. hraðari hjartsláttur, hjartað sleppti úr slagi), og 20) ég fann fyrir ótta án nokkurrar skynsamlegrar ástæðu. Að lokum teljast eftirfarandi atriði til streitueinkenna: 1) Mér fannst erfitt að ná mér niður, 6) ég hafði tilhneigingu til að bregðast of harkalega við aðstæðum, 8) mér fannst ég eyða mikilli andlegri orku, 11) ég var ergileg, 12) mér fannst erfitt að slappa af, 14) ég þoldi ekki þegar eitthvað kom í veg fyrir að ég héldi áfram við það sem ég var að gera (eitthvað truflaði mig), og 18) mér fannst ég frekar hörundsár. Áreiðanleiki var mældur með Chronbach's alfastuðli ( $\alpha$ ) og reyndist vera góður á öllum kvörðunum þremur, það er þunglyndi ( $\alpha=0,89$ ), streitu ( $\alpha=0,86$ ) og kvíða ( $\alpha=0,82$ ). Túlkunarviðmið kvarðans á alvarleikastigi einkennanna má sjá í töflu 2.

**Tafla 2.** Túlkunarviðmið DASS-21 fyrir alvarleikastig einkenna

|                | Þunglyndi | Kvíði | Streita |
|----------------|-----------|-------|---------|
| Eðlilegt       | 0–8       | 0–6   | 0–12    |
| Vægt           | 9–12      | 7–8   | 13–16   |
| Miðlungs       | 13–20     | 9–14  | 17–22   |
| Alvarlegt      | 21–26     | 15–20 | 23–28   |
| Mjög alvarlegt | 27+       | 21+   | 29+     |

## Niðurstöður

### Staða kvenna af erlendum uppruna í íslensku samfélagi

Niðurstöður könnunarinnar sýna að staða erlendra kvenna í íslensku samfélagi er að mörgu leyti ótryggari en staða kvenna af íslenskum uppruna. Þegar litið er til vinnumarkaðarins kemur í ljós að konur af erlendum uppruna eru mjög virkar á íslenskum vinnumarkaði (87% í launaðri vinnu, sjálfstætt starfandi eða atvinnurekendur) en staða þeirra þar er viðkvæm, sjá töflu 3. Þrátt fyrir að vera mjög virkar á vinnumarkaði eru konur af erlendum uppruna marktækt líklegri til að vera atvinnulausar (8% miðað við 2% íslenskra kvenna) ( $\chi^2_{(61,058)} = 12$ ,  $p < 0.01$ ). Þær sem eru í launaðri vinnu vinna marktækt lengri vinnudaga en konur af íslenskum uppruna en 77% kvenna af erlendum uppruna vinna 36 klukkustundir á viku eða meira samanborið við 68% kvenna af íslenskum uppruna ( $\chi^2_{(12,544)} = 2$ ,  $p < 0.05$ ).


**Tafla 3.** Þátttaka á vinnumarkaði

|                   | Í launaðri vinnu | Atvinnuleitandi | Öryrki    | Annað     | Lengd vinnudags 36 klst. eða meira ef í launaðri vinnu |
|-------------------|------------------|-----------------|-----------|-----------|--------------------------------------------------------|
| Íslenskur uppruni | 86%              | 2%              | 7%        | 5%        | 68%                                                    |
| <i>Fjöldi</i>     | <i>769</i>       | <i>20</i>       | <i>65</i> | <i>37</i> | <i>519</i>                                             |
| Erlendur uppruni  | 87%              | 8%              | 1%        | 4%        | 77%                                                    |
| <i>Fjöldi</i>     | <i>272</i>       | <i>24</i>       | <i>4</i>  | <i>12</i> | <i>210</i>                                             |

Viðkvæm staða kvenna af erlendum uppruna á íslenskum vinnumarkaði birtist einnig í þeim starfsgreinum sem þær sinna í mestum mæli. Á mynd 1 má sjá hvers konar störfum konurnar í úrtakinu sinna. Konur af erlendum uppruna eru mun líklegri en konur af íslenskum uppruna til þess að vera í ósérhæfðum störfum (s.s. við ræstingar, þvotta eða í ósérhæfðum störfum í mat-

vælaðnaði) en 32% þeirra eru í slíkum störfum miðað við 5% kvenna af íslenskum uppruna. Þær eru jafnframt líklegri til að vera í þjónustu-, umönnunar- og sölustörfum en helmingur kvenna af erlendum uppruna í úrtakinu er í slíkum störfum á móti 31% kvenna af íslenskum uppruna.<sup>2</sup> Meirihluti kvenna af erlendum uppruna sinnir þessum störfum hjá einkareknum fyrirtækjum (66% á móti 39% kvenna með íslenskan bakgrunn) á meðan konur af íslenskum uppruna eru líklegri til að vinna hjá ríki eða sveitarfélagi (49% miðað við 29%). Tengslin á milli uppruna og starfsgreina eru marktæk ( $\chi^2_{(290,059)} = 8$ ,  $p < 0.01$ ).

**Mynd 1.** Starfsgrein í aðalstarfi flokkuð samkvæmt ISTARF-21, fyrir konur af íslenskum uppruna (N=879) og erlendum uppruna (N=306)



Eins og komið hefur fram í öðrum rannsóknum reynist konum af erlendum uppruna erfitt að fá menntun sína metna að verðleikum á Íslandi (Hagstofa Íslands, 2019; Koutsogeorgopoulou, 2023; Lara W. Hoffman o.fl., 2020; Unnur Dís Skaptadóttir og Kristín Loftsdóttir, 2019). Þetta endurspeglar í fjölda þeirra kvenna sem sinna ósérhæfðum störfum þrátt fyrir að vera með háskólagráðu. Í töflu 4 má sjá starfsgreinar þátttakenda eftir menntunarstigi. Ef litið er til kvenna af erlendum uppruna sést að 53% erlendra kvenna með háskólagráðu sinna þjónustu-, umönnunar- og sölustörfum og að 23% þeirra eru í ósérhæfðum störfum. Einungis 13% kvenna af íslenskum uppruna sem eru með háskólagráðu eru í þjónustu-, umönnunar- og sölustörfum og 1% þeirra er í ósérhæfðum störfum. Munurinn á tengslum menntunar og starfsgreina er marktækt ólíkur milli kvenna af íslenskum og erlendum uppruna ( $\chi^2_{(349,050)} = 16$ ,  $p < 0.01$ ).

2 Niðurstöður fyrir hlutfall kvenna sem vinna við landbúnaðar-, útgerðar- og iðnaðarstörf, sem og störf við vélar og vélgæslu, birtast ekki í töflu vegna mjög lágs hlutfalls. Þær niðurstöður er hægt að nálgast frá höfundum.

**Tafla 4.** Starfsgreinar eftir uppruna og menntun

|                      |                                         | Störf<br>stjórn-<br>enda | Sérfræði-<br>störf | Störf tækna<br>og sérhæfðs<br>starfsfólks | Skrif-<br>stofustörf | Þjónustu-,<br>umönnunar-<br>og sölustörf | Ósér-<br>hæfð<br>störf | Fjöldi |
|----------------------|-----------------------------------------|--------------------------|--------------------|-------------------------------------------|----------------------|------------------------------------------|------------------------|--------|
| Íslenskur<br>uppruni | Grunnskólapróf                          | 8%                       | 7%                 | 5%                                        | 6%                   | 53%                                      | 16%                    | 182    |
|                      | Stúdentspróf/iðnnám/<br>starfstengt nám | 6%                       | 7%                 | 17%                                       | 9%                   | 50%                                      | 6%                     | 206    |
|                      | Háskólapróf                             | 13%                      | 57%                | 7%                                        | 6%                   | 13%                                      | 1%                     | 470    |
| Erlendur<br>uppruni  | Grunnskólapróf                          | 0%                       | 0%                 | 0%                                        | 0%                   | 84%                                      | 16%                    | 26     |
|                      | Stúdentspróf/iðnnám/<br>starfstengt nám | 1%                       | 1%                 | 2%                                        | 2%                   | 44%                                      | 43%                    | 147    |
|                      | Háskólapróf                             | 1%                       | 10%                | 5%                                        | 3%                   | 53%                                      | 23%                    | 123    |

Þrátt fyrir að vera jafn virkar á vinnumarkaði og konur af íslenskum uppruna, vera með svipað hátt menntunarstig og vinna fleiri vinnustundir endurspeglast það ekki í launum kvenna af erlendum uppruna. Spurt var um heildartekjur kvenna á mánuði fyrir skatt og annan frádrátt. Í töflu 5 sést að tæp 60% kvenna af erlendum uppruna í úrtakinu eru með lág laun, miðað við þá flokkun sem notuð er hér, samanborið við tæp 40% kvenna af íslenskum uppruna. Tæp 7% kvenna af erlendum uppruna eru með háar tekjur (800.000 krónur á mánuði) en 23% kvenna af íslenskum uppruna falla í þann hóp.<sup>3</sup>


**Tafla 5.** Launaflokkun eftir uppruna

|                   | Lág laun<br>(499 þúsund eða lægra) | Meðallaun<br>(500–799 þúsund) | Há laun<br>(800 þúsund eða hærra) | Fjöldi |
|-------------------|------------------------------------|-------------------------------|-----------------------------------|--------|
| Íslenskur uppruni | 39%                                | 38%                           | 23%                               | 809    |
| Erlendur uppruni  | 57%                                | 36%                           | 7%                                | 262    |

Viðkvæm staða kvenna af erlendum uppruna endurspeglast einnig í stöðu þeirra á húsnæðismarkaði, sjá mynd 2. Eins og komið hefur fram er aðgengi fólks að öruggu húsnæði einn af hornsteinum velferðarsamfélagsins, en rannsóknir sýna að þar hallar á fólki af erlendum uppruna (Guðbjörg Ottósdóttir, 2018). Niðurstöður sýna að á meðan 81% kvenna af íslenskum uppruna búa í eigin húsnæði á það við um einungis 36% kvenna af erlendum uppruna. Aftur á móti búa 58% kvenna af erlendum uppruna í leiguhúsnæði á almennum markaði samanborið við 12% kvenna af íslenskum uppruna. Tengslin á milli uppruna og stöðu á húsnæðismarkaði eru marktæk ( $\chi^2_{(278,740)} = 5$ ,  $p < 0.01$ ).

3 Kannað var hvort þessi tengsl haldist þegar tekið er tillit til aldurs og menntunarstöðu. Niðurstöður kí-kvaðratprófs sýna að tengsl launaflokka og uppruna eru marktæk í aldursflokkunum 25–34 ára ( $\chi^2_{(9,557)} = 2$ ,  $p < 0.05$ ), 35–44 ára ( $\chi^2_{(16,985)} = 2$ ,  $p < 0.01$ ), og 45–54 ára ( $\chi^2_{(13,267)} = 2$ ,  $p < 0.01$ ) en ekki 55 ára og eldri ( $\chi^2_{(4,428)} = 2$ ,  $p > 0.01$ ). Tengsl uppruna og launaflokks eru jafnframt marktæk hjá konum með grunnskólapróf eða sambærilegt ( $\chi^2_{(7,989)} = 2$ ,  $p < 0.05$ ) og háskólapróf ( $\chi^2_{(54,2792)} = 2$ ,  $p < 0.01$ ) en ekki framhaldsskólapróf ( $\chi^2_{(4,148)} = 2$ ,  $p > 0.05$ ).


**Mynd 2.** Staða á húsnæðismarkaði, fyrir konur af erlendum uppruna (n=310) samanborið við konur af íslenskum uppruna (n=908)



### Félagsleg tengsl


Myndir 3, 4 og 5 sýna félagsleg tengsl kvenna af erlendum uppruna samanborið við konur af íslenskum uppruna. Í könnuninni voru konurnar fyrst spurðar hversu mörgum ættingjum, fjölskyldumeðlimum eða vinum, fyrir utan fólkið sem þær búa með, þær væru nákomnar, liði vel með og gætu leitað aðstoðar hjá. Á mynd 3 sést að 94% kvenna af íslenskum uppruna segja þrjá eða fleiri slíka einstaklinga vera í sínu lífi samanborið við 79% kvenna af erlendum uppruna. 18% kvenna af erlendum uppruna segjast vera nákomnar einum til tveimur einstaklingum samanborið við 6% kvenna af íslenskum uppruna. Að lokum hafa 3% kvenna af erlendum uppruna ekki neinn sem þær geta leitað til en engar konur af íslenskum uppruna eru í þeirri stöðu. Tengslin eru marktæk ( $\chi^2_{(103,161)} = 3$ ,  $p < 0.01$ ).

**Mynd 3.** Náin félagsleg tengsl utan heimilisfólks, fyrir konur af erlendum uppruna (n=314) og íslenskum uppruna (n=910)




Því næst voru konurnar inntar eftir því hvort þær væru í tengslum við fólk sem þær gætu leitað til ef þær vantaði fjárhagslega aðstoð annars vegar og aðstoð með börnin hins vegar. Á mynd 4 má sjá til hversu margra einstaklinga, utan heimilisfólks, svaendur telja sig geta leitað til ef þær vantaði skyndilega hóflega peningaupphæð. Í ljós kom að 12% kvenna af erlendum uppruna hafa engan sem þær geta leitað til eftir slíkri aðstoð samanborið við 6% kvenna af íslenskum uppruna. Flestar konur telja sig geta leitað til eins eða tveggja einstaklinga eftir fjárhagsaðstoð, eða 37% kvenna af íslenskum uppruna og 35% kvenna af erlendum uppruna. Munurinn á þessum hlutföllum reyndist marktækur ( $\chi^2_{(8,894)} = 3$ ,  $p < 0.05$ ).

**Mynd 4.** Tengsl við fólk sem hægt er að leita til vegna fjárhagsvandræða, fyrir konur af erlendum uppruna (n=302) samanborið við konur af íslenskum uppruna (n=882)



Mynd 5 sýnir hversu margra einstaklinga þær konur í úrtakinu sem eiga börn telja sig geta leitað til ef þær þyrftu að fara óvænt í burtu og vantaði einhvern til að hugsa um börnin sín á meðan. Hér sést að 15% kvenna af erlendum uppruna telja sig ekki geta leitað til neins samanborið við aðeins 4% kvenna af íslenskum uppruna. Tengslin eru marktæk ( $\chi^2_{(38,121)} = 3$ ,  $p < 0.01$ ).


**Mynd 5.** Tengsl við fólk sem hægt er að leita til vegna aðstoðar við barnaumurönnun, fyrir konur af erlendum uppruna (n=155) samanborið við konur af íslenskum uppruna (n=481)



### Líðan kvenna af erlendum uppruna


Á myndum 6, 7 og 8 eru niðurstöður DASS-21 sjálfsmatskvarðans eftir uppruna. Á mynd 6 má sjá klínísk einkenni streitu fyrir konur af íslenskum uppruna annars vegar og erlendum uppruna hins vegar. Hér sést að flestar konur búa við eðlileg einkenni streitu. Alls 61% kvenna af íslenskum uppruna og 54% kvenna af erlendum uppruna upplifa mögulega einhver einkenni streitu en þau teljast þó eðlileg en ekki klínísk. Aftur á móti sést einnig að konur af erlendum uppruna eru líklegri til þess að upplifa alvarleg eða mjög alvarleg einkenni klínískrar streitu (21%) heldur en konur af íslenskum uppruna (14%). Tengsl uppruna og streitueinkenna eru marktæk ( $\chi^2_{(9,545)} = 4$ ,  $p < 0.05$ ).

**Mynd 6.** Klínísk einkenni streitu á sjálfsmatskvarðanum DASS-21, fyrir konur af erlendum uppruna (n=307) samanborið við konur af íslenskum uppruna (n=897)




Á mynd 7 getur að líta klínísk einkenni kvíða fyrir konur af erlendum og íslenskum uppruna. Eins og við var að búast mælist meirihluti kvenna með eðlileg einkenni kvíða, eða 74% kvenna af íslenskum uppruna og 63% kvenna af erlendum uppruna. Ef litið er til þeirra kvenna sem mælast með alvarleg eða mjög alvarleg einkenni kvíða sést marktækur munur eftir uppruna. Alls 21% kvenna af erlendum uppruna er með alvarleg eða mjög alvarleg kvíðaeinkenni en 10% kvenna af íslenskum uppruna. Tengsl uppruna og kvíðaeinkenna reyndust marktæk ( $\chi^2_{(25,315)} = 4$ ,  $p < 0.01$ ).

**Mynd 7.** Klínísk einkenni kvíða á sjálfsmatskvarðanum DASS-21, fyrir konur af erlendum uppruna (n=302) samanborið við konur af íslenskum uppruna (n=897)



Að lokum má sjá einkenni þunglyndis á mynd 8. Aftur upplifa flestar konur eðlileg einkenni þunglyndis, eða 72% kvenna af íslenskum uppruna og 67% kvenna af erlendum uppruna. Alls 14% kvenna af erlendum uppruna upplifa alvarleg eða mjög alvarleg einkenni þunglyndis samanborið við 10% kvenna af íslenskum uppruna. Munurinn á milli hópanna reyndist þó ómarktækur ( $\chi^2_{(5,414)} = 4$ ,  $p > 0.05$ ).

**Mynd 8.** Klínísk einkenni þunglyndis á sjálfsmatskvarðanum DASS-21, fyrir konur af erlendum uppruna (n=303) samanborið við konur af íslenskum uppruna (n=897).



Spurt var hvort konurnar hefðu leitað sér aðstoðar vegna andlegrar líðanar á síðustu 12 mánuðum. Marktækur munur var á því hvort konurnar höfðu leitað sér aðstoðar eftir uppruna en alls 35% kvenna af íslenskum uppruna sögðust hafa leitað aðstoðar til dæmis geðlæknis eða sálfræðings meðan 24% kvenna af erlendum uppruna höfðu leitað sér slíkrar aðstoðar. Munurinn á þessum hlutföllum reyndist marktækur ( $\chi^2_{(12,557)} = 1$ ,  $p < 0.01$ ). Þegar þær konur sem ekki höfðu leitað sér hjálpar voru spurðar hvers vegna þær hefðu ekki gert það sagði meirihlutinn að þær hefðu ekki þurft á því að halda, en 12% kvenna af erlendum uppruna kváðust ekki hafa leitað sér hjálpar sökum tímaleysis eða fjárskorts, samanborið við 8% kvenna af íslenskum uppruna. Munurinn á hlutföllum reyndist þó ómarktækur ( $\chi^2_{(2,974)} = 2$ ,  $p > 0.05$ ).

**Tafla 6.** Hlutfall kvenna sem ekki hefur leitað sér hjálpar vegna andlegrar vanlíðanar og ástæður þess, eftir uppruna

|                   | Hefur þú leitað aðstoðar vegna andlegrar líðanar síðustu 12 mánuði? |     | Fjöldi | Ef nei, er það vegna...        |            |            | Fjöldi |
|-------------------|---------------------------------------------------------------------|-----|--------|--------------------------------|------------|------------|--------|
|                   | Já                                                                  | Nei |        | Þess að ég hef ekki þurft þess | Tímaleysis | Fjárskorts |        |
| Íslenskur uppruni | 35%                                                                 | 65% | 912    | 92%                            | 4%         | 4%         | 558    |
| Erlendur uppruni  | 24%                                                                 | 76% | 312    | 88%                            | 6%         | 6%         | 225    |

## Umræður

Fjölmargar rannsóknir eru til um stöðu kvenna á Íslandi samanborið við karla. Þessar rannsóknir sýna að þrátt fyrir að fullu jafnrétti hafi ekki verið náð standa íslenskar konur mjög framarlega samanborið við konur í öðrum löndum (Katrín Ólafsdóttir og Steinunn Rögnvaldsdóttir 2015; Þorgerður J. Einarsdóttir, 2020). Það gleymist þó oft að konur á Íslandi eru ekki einsleitur hópur og á meðan margar konur hafa náð miklum árangri á ólíkum mælikvörðum jafnréttis búa aðrar við talsverðar hindranir í samfélaginu. Konur af erlendum uppruna á Íslandi eru alls ekki einsleitur hópur en þegar sjónum er beint að þeim hópum kvenna sem hafa það hvað verst í samfélaginu eru

hlutfallslega margar konur af erlendum uppruna þar á meðal. Sú staða er andstæð opinberri stefnumótun í málefnum innflytjenda, sem leggur áherslu á öflugt velferðarsamfélag sem miðar að inn-gildingu og jöfnum tækifærum. Líður í því að jafna stöðu fólks er að opinber kerfi séu næm fyrir áskorunum undirskipaðra hópa og styðji við þá (Félags- og vinnumarkaðsráðuneytið, 2023). Í viðleitni til að skilja betur félagslega stöðu og tækifæri kvenna af erlendum uppruna, í samanburði við konur af íslenskum uppruna, höfum við skoðað hvernig ójöfnuður meðal kvenna af íslenskum og erlendum uppruna endurspeglast í stöðu á vinnu- og húsnæðismarkaði, og að hvaða leyti félagsleg tengsl kvenna af erlendum og íslenskum uppruna eru ólík. Loks var skoðað hvort greina megi mun á einkennum streitu, kvíða og þunglyndis eftir uppruna kvenna í íslensku samfélagi. Niðurstöður benda til þess að á Íslandi sé staða kvenna af erlendum uppruna um margt verri en staða kvenna af íslenskum uppruna.

Niðurstöðurnar styðja að mestu við niðurstöður fyrri rannsókna á stöðu kvenna af erlendum uppruna á íslenskum vinnumarkaði sem sýna að þær búa við ótryggari stöðu á vinnumarkaði og húsnæðismarkaði en konur af íslenskum uppruna (sjá Unnur Dís Skaptadóttir og Anna Wojtyńska, 2019; Unnur Dís Skaptadóttir og Kristín Loftsdóttir, 2019). Niðurstöðurnar benda til þess að konur af erlendum uppruna séu líklegri til að vera atvinnulausar en ef þær eru í launaðri vinnu eru þær líklegri til að vera í lágláunastörfum, vinna langa vinnudaga og fá ekki menntun sína metna að verðleikum, líkt og fyrri rannsóknir sýna (Hagstofa Íslands, 2019; Koutsogeorgopoulou, 2023; Lara W. Hoffman o.fl., 2020; Unnur Dís Skaptadóttir og Kristín Loftsdóttir, 2019). Konur af erlendum uppruna eru jafnframt mun líklegri til þess að vinna við þjónustu- og umönnunarstörf í einkageiranum meðan konur af íslenskum uppruna eru líklegri til að vinna hjá hinu opinbera. Þessar niðurstöður endurspeglar þróun sem orðið hefur við markaðsvæðingu umönnunar- og þjónustustarfa í velferðarríkjum (Bargawi o.fl., 2017; Brodin og Peterson, 2020; Kantola og Lombardo, 2017; Karamessini og Rubery, 2014). Sú þróun hefur orðið til þess að þau störf eru í meiri mæli unnin af erlendu vinnuafli, aðallega konum, sem hefur áhrif á atvinnuöryggi erlendra kvenna í samanburði við íslenskar konur og einnig á launamun á milli þessara tveggja hópa. Launamunur milli kvenna af erlendum og íslenskum uppruna er talsverður, þrátt fyrir sambærilega virkni á vinnumarkaði, fleiri unnar stundir og svipað menntunarstig.

Þegar kemur að stöðu á húsnæðismarkaði er ljóst að konur af erlendum uppruna eru mun ólíklegri til að búa í eigin húsnæði og þurfa því að treysta á leigumarkað, sem einkennist af tvísýnleika og þar sem aðgengi að leiguhúsnæði byggist gjarnan á félagslegum tengslum (Már Wolfgang Mixa o.fl., 2021). Ljóst er að konur af erlendum uppruna á Íslandi hafa ekki eins stór tengslanet og konur af íslenskum uppruna. Niðurstöður rannsóknarinnar sýna að þær eru nákomnar færri einstaklingum en konur af íslenskum uppruna og hafa færri einstaklinga sem þær telja sig geta leitað til ef þær vantar til dæmis fjárhagslega aðstoð eða aðstoð við barnaumönnun. Þær eru jafnframt líklegri en konur af íslenskum uppruna til þess að segjast ekki eiga neinn nákominn að. Félagsauður þessara kvenna, þegar kemur að tengslaneti, er því mun minni en félagsauður íslensku kvennanna. Takmarkað tengslanet þeirra hefur áhrif á aðgengi þeirra að upplýsingum, t.d. um þá þjónustu og þær bjargir sem þeim og börnum þeirra stendur til boða, sem og á húsnæðismarkaðnum (Tegegne, 2018). Lítil félagsauður, sérstaklega skortur á brúandi félagsauði, getur einnig bitnað á tækifærum þessara kvenna til þátttöku í samfélaginu og skapað óöryggi um hvert eigi að leita eftir aðstoð eða hverjum beri að treysta á nýjum stað (Putnam, 1993; Tegegne, 2018), sem getur einnig aukið streitu og kvíða, sér í lagi þegar eitthvað bjátar á. Takmarkað tengslanet erlendra kvenna getur haft neikvæð áhrif á aðgengi þeirra að mikilvægum gæðum í samfélaginu og haft neikvæð áhrif á aðlögun þeirra og tækifæri til að auka félagsauð sinn, sem er í raun forsenda þess að finna til sjálfsöryggis og endurnærandi samskipta (Forsander, 2004; Johnson o.fl., 2017; Tegegne, 2018).

Í ljósi þess að konur af erlendum uppruna eru bæði líklegri til þess að upplifa tvísýnleika á vinnu- og húsnæðismarkaði og hafa minna bakland en konur af íslenskum uppruna er vert að skoða andlega líðan þeirra samanborið við konur af íslenskum uppruna. Rannsóknir sýna að óöryggi á

vinnumarkaði og fjárhagslegir erfiðleikar hafa sterk tengsl við andlega vanlíðan (t.d. Thomson o.fl., 2022), sérstaklega í tilfelli kvenna (Holden o.fl., 2016; Maya Staub og Kristín Heba Gísladóttir, 2023). Jafnframt hefur það sýnt sig að félagsauður getur skipt verulegu máli í andlegri og líkamlegri heilsu fólks af erlendum uppruna (Lecroff o.fl., 2016). Niðurstöður leiða í ljós að konur af erlendum uppruna eru líklegri en konur af íslenskum uppruna til þess að upplifa streitu og kvíða en ekki var marktækur munur á þunglyndiseinkennum. Rúmlega fimmtungur kvenna af erlendum uppruna er með alvarleg eða mjög alvarleg einkenni streitu og 21% þeirra glímir við alvarleg eða mjög alvarleg einkenni kvíða. Á sama tíma upplifa 14% kvenna af íslenskum uppruna mjög alvarleg eða alvarleg einkenni streitu og 10% alvarleg eða mjög alvarleg einkenni kvíða.

Þrátt fyrir þessa vanlíðan eru konur af erlendum uppruna síður líklegar til þess að leita sér aðstoðar hjá til dæmis sálfræðingi eða geðlækni. Af þeim konum sem sögðust ekki hafa leitað sér aðstoðar á síðastliðnum 12 mánuðum sögðu langflestar ástæðu þess vera þá að þær hefðu ekki þurft þess. Af þeim sem hefðu þurft á aðstoð að halda en neituðu sér um hana sögðu 12% kvenna af erlendum uppruna það vera vegna fjárskorts eða tímaleysis, samanborið við 8% kvenna af íslenskum uppruna sem gáfu þá skýringu. Hægt er að velta fyrir sér hvort ástæða þess að fjárskortur og tímaleysi komi í veg fyrir að konur af erlendum uppruna leiti sér aðstoðar komi til af samspili viðkvæmari stöðu á vinnumarkaði og minna baklands. Þær vinna frekar vinnu þar sem sveigjanleiki er lítill og hafa færri einstaklinga til að leita til eftir fjárhagslegri aðstoð eða þössun fyrir börn.

Stefna stjórnvalda um inngildingu byggist að miklu leyti á því að þau kerfi sem eru til staðar til að tryggja velferð fólks og fjölskyldna virki. Í því ljósi er einkar mikilvægt að þau kerfi séu aðgengileg og skilvirk því þau þurfa að einhverju leyti að koma í stað fjölskyldna og vina í þeim tilfellum sem fólk hefur ekki slík tengslanet hér á landi, eins og gjarnan á við um innflytjendur. Eins og þessi rannsókn sýnir er talsverður munur á tengslaneti íslenskra kvenna og kvenna af erlendum uppruna, sem gerir stöðu þeirra síðarnefndu ótryggari. Í því samhengi má undirstrika að rannsóknir benda til þess að sérlega mikilvægt sé að huga að brúandi félagsauði (Putnam, 2000) sem tengir saman ólíka hópa samfélagsins og kemur þannig í veg fyrir einangrun innflytjenda. Það er sérlega mikilvægt í ljósi vísbendinga um aukna einangrun innflytjenda í samfélaginu, til dæmis hvað varðar búsetu (Kolbeinn Hólmur Stefánsson, 2023) og lagskiptingu á vinnumarkaði (Þorgerður Einarsdóttir o.fl., 2018). Slík þróun bendir til þess að ekki sé nægjanlega mikið um brúandi félagsauð í íslensku samfélagi, sem getur valdið meiri einangrun í innflytjendahópum og styrkt bindandi félagsstengsl (Putnam, 2000). Það getur valdið áskorunum við inngildingu í nýju samfélagi og stuðlað að því að fólk einangrist frekar innan innflytjendahópa (Koopmans, 2010). Niðurstöðurnar varpa því ljósi á mikilvægi þess að í allri stefnu stjórnvalda sé sérstaklega hugað að því að auka brúandi félagsauð í breyttri samfélagsgerð til þess að inngilding verði farsælli og tækifæri fólks sanngjarnari í íslensku samfélagi. Spurningarnar sem mæla félagsleg tengsl greina ekki hvort þeir einstaklingar sem konurnar í úrtakinu geta leitað til séu flestir af sama uppruna og þær sjálfar. Það er ein af takmörkunum rannsóknarinnar. Ef þær upplýsingar lægju fyrir væri hægt að gera frekari greiningu á því hvort að það félagslega tengslanet sem innflytjendakonur á Íslandi hafa myndi frekar teljast til brúandi eða bindandi félagsauðs. Einnig má nefna að á undanförunum misserum hefur hugtakið innflytjendaaudmagn (e. *migration capital*) verið notað í auknum mæli til að lýsa félagslegri aðlögun innflytjenda. Þá er litið til samspils þess audmagns sem innflytjendur koma með í farteskinu til nýs lands og þess sem þeim auðnast í nýju landi (Koikkalainen, 2019; Wahlbeck og Fortelius, 2019). Áhugavert væri í framtíðarrannsóknum að skoða þetta samspil í tengslum við inngildingu innflytjenda á Íslandi.

Áratugum saman hefur verið barist fyrir jafnrétti á íslenskum vinnumarkaði, enda hefur verið litið svo á að atvinnuþátttaka og efnahagslegt sjálfstæði kvenna séu forsendur framþróunar jafnréttis á öðrum sviðum. Þrátt fyrir miklar framfarir er ljóst að enn er nokkuð langt í land, ekki síst þegar litið er til ólíkra hópa kvenna. Niðurstöður þessarar rannsóknar styðja ályktun Löru W. Hoffman o.fl. (2020) um að konur af erlendum uppruna séu ekki hluti af jafnréttisorðræðunni í íslensku samfélagi og þannig nái árangur í jafnrétti ekki til innflytjendakvenna. Í því ljósi þarf að skipuleggja velferðar-

kerfið með það að leiðarljósi að ekki þurfi að treysta á tengsla- og fjölskyldunet líkt og gjarnan hefur tíðkast hér á landi. Þessar niðurstöður varpa einnig ljósi á hversu mikilvæg óhagnaðardröfin leigusamtök eru fyrir fólk sem ekki býr yfir sterkum félagslegum tengslum í íslensku samfélagi. Jafnframt er mikilvægt að vera vakandi fyrir margþættum áskorunum innflytjendakvenna sem geta haft áhrif á líðan þeirra og tækifæri og vinna að bættri andlegri heilsu innflytjendakvenna og því að viðeigandi aðstoð sé þeim aðgengileg. Ekki síst undirstrika niðurstöðurnar mikilvægi þess að líta til samtvinnunar mismunabreyta þegar staða ólíkra hópa í samfélaginu er skoðuð og úrræði þróuð.

Niðurstöðurnar sem birtast hér lýsa meðal annars stöðu á vinnumarkaði, félagslegum tengslum og líðan kvenna af erlendum uppruna í samanburði við konur sem alltaf hafa verið með íslenskan ríkisborgararétt. Þær gefa okkur því lýsandi mynd af stöðu kvenna af erlendum uppruna í íslensku samfélagi þó ekki sé hægt að álykta um orsakatengsl eða samspil þessara þátta út frá niðurstöðunum. Frekari rannsókna er þörf á ójöfnuði meðal kvenna á Íslandi til að öðlast dýpri skilning á margþættum áskorunum kvenna sem standa höllum fæti í íslensku samfélagi og finna leiðir til að stuðla að réttlátara samfélagi. Ljóst er að raunveruleg inngilding getur ekki átt sér stað ef innflytjendakonur búa við samfélagslegar hindranir sem varna þeim þátttöku og sanngjarnra tækifæra í samfélaginu; hindrana sem mögulega leiða til andlegrar vanheilsu, kvíða og streitu.

## Heimildaskrá

- Auður Magnús Auðardóttir. (2022). 'I am the black duck': Affective aspects of working class mothers' involvement in parental communities. *British Journal of Sociology of Education*, 43(1), 22–39. <https://doi.org/10.1080/01425692.2021.1999791>
- Bargawi, H., Cozzi, G. og Himmelweit, S. (2017). *Economics and austerity in Europe: Gendered impacts and sustainable alternatives*. Routledge.
- Bas-Sarmiento, P., Saucedo-Moreno, M. J., Fernández-Gutiérrez, M. og Poza-Méndez, M. (2017). Mental health in immigrants versus native population: A systematic review of the literature. *Archives of Psychiatric Nursing*, 31(1), 111–121. <https://doi.org/10.1016/j.apnu.2016.07.014>
- Berglind Rós Magnúsdóttir, Auður Magnús Auðardóttir og Kolbeinn Hólmar Stefánsson. (2020). Dreifing efnahags- og menntunaraúðs meðal foreldra í skólahverfum höfuðborgarsvæðisins 1997–2016. *Stjórnmal og stjórnsýsla*, 16(2), 285–308. <https://doi.org/10.13177/irpa.a.2020.16.2.10>
- Birna Gerður Jónsdóttir, Sigrún Gunnarsdóttir og Ólög Ásta Ólafsdóttir. (2011). Barneignir erlendra kvenna á Íslandi: Skipulag þjónustu, menningarhæfni og þjónandi forysta. *Stjórnmal og stjórnsýsla*, 7(2), 369–386. <http://hdl.handle.net/1946/10400>
- Brodin, H. og Peterson, E. (2020). Equal opportunities? Gendering and racialising the politics of entrepreneurship in Swedish eldercare. *NORA – Nordic Journal of Feminist and Gender Research*, 28(2), 99–112. <https://doi.org/10.1080/08038740.2019.1698653>
- Brown, W. (2015). *Undoing the demos: Neoliberalism stealth revolution*. Zone Books.
- Delara, M. (2016). Social determinants of immigrant women's mental health. *Advances in Public Health*, 9730162. <https://doi.org/10.1155/2016/9730162>
- Elomäki, A. (2019). Governing austerity: Governance reforms as facilitators of gendered austerity in Finland. *Australian Feminist Studies*, 34(100), 182–197. <https://doi.org/10.1080/08164649.2019.1644607>
- Embla Ýr Guðmundsdóttir, Helga Gottfreðsdóttir, Berglind Hálfðánsdóttir, Nieuwenhuijze, M., Gissler, M. og Kristjana Einarsdóttir. (2021). Challenges in migrant women's maternity care in a high-income country: A population-based cohort study of maternal and perinatal outcomes. *Acta Obstetrica et Gynecologica Scandinavica*, 100(9), 1665–1667. <https://doi.org/10.1111/aogs.14186>
- Esping-Andersen, G. (2009). *Incomplete revolution: Adapting welfare states to women's new roles*. Polity Press.
- Félags- og vinnumarkaðsráðuneytið. (2023). *Grænbók í málefnum innflytjenda og flóttafólks: Stöðumat og valkostir*. [https://www.stjornarradid.is/library/02-Rit--skyrslur-og-skrar/Graenbok\\_i\\_malefnum\\_innflytjenda\\_og\\_flottafolks%20-%20Copy%20\(1\).pdf?design=DesignPageItems](https://www.stjornarradid.is/library/02-Rit--skyrslur-og-skrar/Graenbok_i_malefnum_innflytjenda_og_flottafolks%20-%20Copy%20(1).pdf?design=DesignPageItems)
- Finnborg Salóme Steinþórsdóttir. (2021). *Heilsufar og heilbrigðisþjónusta: Kynja- og jafnréttissjónarmið*. Heilbrigðisráðuneytið. [https://www.stjornarradid.is/library/04-Raduneytin/Heilbrigdisraduneytid/ymсар-skrar/Heilsa-heilbr-kynja\\_FSS-leidrett.pdf](https://www.stjornarradid.is/library/04-Raduneytin/Heilbrigdisraduneytid/ymсар-skrar/Heilsa-heilbr-kynja_FSS-leidrett.pdf)
- Flora Tietgen. (2024). 'We are stuck in our own heads': Immigrant women and institutional practices in Iceland. *Nora – Nordic Journal of Feminist and Gender Research*. 1–13. <https://doi.org/10.1080/08038740.2024.2366232>
- Forsander, A. (2004). Social capital in the context of immigration and diversity: Economic participation in the Nordic welfare states. *Journal of International Migration and Integration / Revue de l'integration et de la migration internationale*, 5(2), 207–227. <https://doi.org/10.1007/s12134-004-1010-1>

- Gornick, J. C., Berglind Hólm Ragnarsdóttir og McCall, L. (2019). The interplay between women's earnings and the income distribution: A cross-national analysis of Latin American and Anglophone countries. *AFD Research Paper Series*, no. 2019–105. <https://www.afd.fr/sites/afd/files/2019-06-02-56-51/interplay-women-earnings-income-distribution-latin-american-anglophone-countries.pdf>
- Grootaert, C., Narayan, D., Jones, V. N. og Woolcock, M. (2004). *Measuring social capital: An integrated questionnaire*. World Bank. <https://documents1.worldbank.org/curated/ru/515261468740392133/pdf/281100PAPER0Measuring0social0capital.pdf>
- Guðbjörg Ottósdóttir. (2018). *Húsnæðisaðstæður innflytjenda á höfuðborgarsvæðinu* [rannsóknarskýrsla, unnin fyrir Rauða krossinn í Reykjavík]. Háskóli Íslands; Rannsóknastofnun í barna- og fjölskylduvernd (RBF). [https://rbf.hi.is/sites/rbf.hi.is/files/Skyrslur/rannsóknarskýrsla\\_husnaedisadstaedur\\_innflytjenda\\_a\\_hofudborgarsvæðinu\\_loka\\_skyrsla.pdf](https://rbf.hi.is/sites/rbf.hi.is/files/Skyrslur/rannsóknarskýrsla_husnaedisadstaedur_innflytjenda_a_hofudborgarsvæðinu_loka_skyrsla.pdf)
- Guðmundur Oddsson. (2022). Class in Iceland. *Current Sociology*, 70(5), 761–780. <https://doi.org/10.1177/00113921211012740>
- Hagstofa Íslands. (2019). Rannsóknir á launamun eftir bakgrunni 2008–2017. *Hagtiðindi*, 104(6). <https://hagstofas3bucket.hagstofa.is/hagstofan/media/public/2019/fec8bbe4-6295-4fd6-8fce-35ef9a95d6ea.pdf>
- Hagstofa Íslands. (2023, 5. maí). *Regluleg mánaðarlaun að jafnaði 668 þúsund krónur árið 2022*. <https://hagstofa.is/utgafur/frettasafn/laun-og-tekjur/laun-2022/>
- Hagstofa Íslands. (2024a, 6. maí). *Mannfjöldi eftir kyni, sveitarfélagi, aldri og ríkisfangi 1998–2024*. [https://px.hagstofa.is/pxis/pxweb/is/Ibuar/Ibuar\\_mannfjoldi\\_3\\_bakgrunnur\\_Rikisfang/MAN04203.px](https://px.hagstofa.is/pxis/pxweb/is/Ibuar/Ibuar_mannfjoldi_3_bakgrunnur_Rikisfang/MAN04203.px)
- Hagstofa Íslands. (2024b, 6. maí). *Menntunarstaða*. <https://hagstofa.is/talnaefni/samfelag/menntun/menntunarstada/>
- Henry, J. D. og Crawford, J. R. (2005). The short-form version of the Depression Anxiety Stress Scales (DASS-21): Construct validity and normative data in a large non-clinical sample. *British Journal of Clinical Psychology*, 44, 227–239.
- Holden, L., Ware, R. S. og Lee, C. (2016). Trajectories of mental health over 16 years amongst young adult women: The Australian longitudinal study on women's health. *Developmental Psychology*, 52(1), 164–175. <https://doi.org/10.1037/dev0000058>
- Johnson, C. M., Rostila, M., Svensson, A. C. og Engström, K. (2017). The role of social capital in explaining mental health inequalities between immigrants and Swedish-born: A population-based cross-sectional study. *BMC Public Health*, 17, 117. <https://doi.org/10.1186/s12889-016-3955-3>
- Kantola, J. og Lombardo, E. (2017). Gender and the politics of the economic crisis in Europe. Í J. Kantola og E. Lombardo (ritstj.), *Gender and the economic crisis in Europe: Politics, institutions and intersectionality* (bls. 1–25). Palgrave MacMillan.
- Karamessini, M. og Rubery, J. (2014). Economic crisis and austerity. Í M. Karamessini og J. Rubery (ritstj.), *Women and austerity: The economic crisis and the future for gender equality* (bls. 314–352). Routledge.
- Katrín Ólafsdóttir og Steinunn Rögnvaldsdóttir (2015). *Staða kvenna og karla á íslenskum vinnumarkaði*. Velferðarráðuneytið.
- Koikkalainen, S. (2019). Nordic ties and British lives? Migrant capital and the case of Nordic migrants living in London. *Social Inclusion*, 7(4), 171–180. <https://doi.org/10.17645/si.v7i4.2333>
- Kolbeinn Hólmur Stefánsson. (2023). Aðskilin búseta: Búsetumynstur pólskra innflytjenda í Reykjavík. *Íslenska þjóðfélagið*, 14(2), 161–180. <https://hdl.handle.net/20.500.11815/4617>
- Koopmans, R. (2010). Trade-offs between equality and difference: Immigrant integration, multiculturalism and the welfare state in cross-national perspective. *Journal of Ethnic and Migration Studies*, 36(1), 1–26. <https://doi.org/10.1080/13691830903250881>
- Koutsogeorgopoulou, V. (2023). *Immigration in Iceland: Addressing challenges and unleashing the benefits*. OECD Economics Department working papers, no. 1772. OECD. <https://doi.org/10.1787/645ca1ac-en>
- Lara W. Hoffmann, Stéphanie Barillé og Markus Meckl. (2020). Gender-specific challenges in migration to Iceland. Í Markus Meckl og Hermína Gunnþórsdóttir (ritstj.), *Samfélag fjölbreytileikans: Samskipti heimamanna og innflytjenda á Íslandi* (bls. 91–100). Háskólinn á Akureyri.
- Lecero, S. S., Stafström, M., Westerling, R. og Östergren, P.-O. (2016). Does social capital protect mental health among migrants in Sweden? *Health Promotion International*, 31(3), 644–652. <https://doi.org/10.1093/heapro/dav048>
- Lovibond, S. H. og Lovibond, P. F. (1995). *Manual for the Depression Anxiety Stress Scales* (2. útgáfa). Psychology Foundation of Australia.
- Lødemel, I. og Moreira, A. (2014). Introduction. Í I. Lødemel og A. Moreira (ritstj.), *Activation or workfare? Governance and the neo-liberal convergence* (bls. 1–18). Oxford Academic.
- Margrét Einarsdóttir, Kristín Heba Gísladóttir og Kolbeinn Hólmur Stefánsson. (2021). *Staða launafólks á Íslandi: Niðurstöður spurningakönnunar meðal aðildarfélaga ASÍ og BSRB*. Varða. [https://www.rannvinn.is/\\_files/ugd/61b738\\_ba2d63de6ecf43469c4b4e50f02cd99b.pdf](https://www.rannvinn.is/_files/ugd/61b738_ba2d63de6ecf43469c4b4e50f02cd99b.pdf)
- Maya Staub og Kristín Heba Gísladóttir. (2023). *Staða launafólks á Íslandi: Niðurstöður spurningakönnunar meðal aðildarfélaga ASÍ og BSRB*. Varða. [https://www.rannvinn.is/\\_files/ugd/61b738\\_d374c368e62840c395fde0805dfc6635.pdf](https://www.rannvinn.is/_files/ugd/61b738_d374c368e62840c395fde0805dfc6635.pdf)
- Már Wolfgang Mixa, Kristín Loftsdóttir og Anna Lisa Rúnarsdóttir. (2021). „Þú veist ekki hvaða húsnæði þú ferð í næst“: Tvisýnleiki og upplifun leigjenda af íslenskum húsnæðismarkaði. *Íslenska þjóðfélagið*, 12(1), 87–104. <https://timarit.is/page/7809763#page/n85/mode/2up>
- McCall, L. (2005). The complexity of intersectionality. *Journal of Women in Culture and Society*, 30(3), 1771–1800. <https://doi.org/10.1086/426800>
- Morville, A.-L. og Erlandsson, L. K. (2016). Methodological challenges when doing research that included ethnic minorities: A scoping review. *Scandinavian Journal of Occupational Therapy*, 23(6), 405–415. <https://doi.org/10.1080/11038128.2016.1203458>

- Napierała, J. og Anna Wojtyńska. (2017). Trapped in migrants' sectors? Polish women in the Icelandic labour market. *International Migration*, 55(1), 128–141. <https://doi.org/10.1111/imig.12295>
- OECD. (2017). *Health at a glance 2017: OECD indicators*. [https://www.oecd-ilibrary.org/sites/health\\_glance-2017-12-en/index.html?itemId=/content/component/health\\_glance-2017-12-en](https://www.oecd-ilibrary.org/sites/health_glance-2017-12-en/index.html?itemId=/content/component/health_glance-2017-12-en)
- OECD. (2024). *Skills and labour market integration of immigrants and their children in Iceland*. OECD publishing. <https://doi.org/10.1787/96adc300-en>
- Putnam, R. D. (1993). *Making democracy work: Civic traditions in modern Italy*. Princeton University Press.
- Putnam, R. D. (2000). *Bowling alone: The collapse and revival of American community*. Simon & Schuster.
- Standing, G. (2011). *The precariat – The new dangerous class*. Bloomsbury.
- Stefán Ólafsson. (2022). *Baráttan um bjargirnar: Stjórnmal og stéttabaráttan í mótun íslensks samfélags*. Háskólaútgáfan.
- Sunna Símonardóttir, Annadís Greta Rúðolfsdóttir og Helga Gottfreðsdóttir. (2021). “We at least say we are equal”: Gender equality and class in healthcare professionals’ discursive framing of migrant mothers. *Social Science & Medicine*, 281, 114089. <https://doi.org/10.1016/j.socscimed.2021.114089>
- Teegene, M. A. (2018). Linguistic integration and immigrant health: The longitudinal effects of interethnic social capital. *Journal of Health and Social Behavior*, 59(2), 215–230. <https://doi.org/10.1177/0022146518757198>
- Thomson, R. M., Igelström, E., Purba, A. K., Shimonovich, M., Thomson, H., McCartney, G., Reeves, A., Leyland, A., Pearce, A. og Katikireddi, S. V. (2022). How do income changes impact on mental health and wellbeing for working-age adults? A systematic review and meta-analysis. *The Lancet Public Health*, 7(6), 515–528. [https://doi.org/10.1016/S2468-2667\(22\)00058-5](https://doi.org/10.1016/S2468-2667(22)00058-5)
- Unnur Dís Skaptadóttir og Anna Wojtyńska. (2019). Sveigjanlegur vinnumarkaður og harkvinna erlends starfsfólks á Íslandi. *Íslenska þjóðfélagið*, 10(2), 14–28. <https://ojs.hi.is/index.php/tf/article/view/3890>
- Unnur Dís Skaptadóttir og Kristín Loftsdóttir. (2019). *Konur af erlendum uppruna – hvar kreppir að? Skýrsla unnin fyrir félagsmálaráðuneytið*. Háskóli Íslands. <https://www.stjornarradid.is/lisalib/getfile.aspx?itemid=c6482f7c-570d-11ea-945f-005056bc4d74>
- VanHeuvelen, T. (2018). Recovering the missing middle: A mesocomparative analysis of within-group inequality, 1970–2011. *American Journal of Sociology*, 123(4), 1064–1116. <https://doi.org/10.1086/695640>
- Wahlbeck, Ö. og Fortelius, S. (2019). The utilisation of migrant capital to access the labour market: The case of Swedish migrants in Helsinki. *Social Inclusion*, 7(4), 181–189. <https://doi.org/10.17645/si.v7i4.2325>
- Warren, T. (2015). Work–life balance/imbalance. *The British Journal of Sociology*, 66(4), 691–717. <https://doi.org/10.1111/1468-4446.12160>
- World Economic Forum. (2023). *Global gender gap report*. [https://www3.weforum.org/docs/WEF\\_GGGR\\_2023.pdf](https://www3.weforum.org/docs/WEF_GGGR_2023.pdf)
- Þorgerður Einarsdóttir, Tamar M. Heijstra og Guðbjörg Linda Rafnsdóttir. (2018). The politics of diversity: Social and political integration of immigrants in Iceland. *Stjórnmal og stjórnsýsla*, 14(1), 131–148. <https://doi.org/10.13177/irpa.a.2018.14.1.6>
- Þorgerður J. Einarsdóttir. (2020). All that glitters is not gold: Shrinking and bending gender equality in rankings and nation branding. *NORA – Nordic Journal of Feminist and Gender Research*, 28(2), 140–152. <https://doi.org/10.1080/08038740.2020.1745884>

## Um höfunda

**BERGLIND HÓLM RAGNARSDÓTTIR** (bhr@unak.is) er lektor við félagsvísindadeild Háskólans á Akureyri. Hún lauk doktorsgráðu í félagsfræði frá Háskóla New York borgar (City University of New York) árið 2019. <https://orcid.org/0000-0002-7537-7967>

**VALGERÐUR S. BJARNADÓTTIR** (vsb@hi.is) er lektor við deild menntunar og margbreytileika á Menntavísindasviði Háskóla Íslands. Hún lauk doktorsgráðu í menntavísindum frá Háskóla Íslands árið 2019. <https://orcid.org/0000-0002-2506-8111>

**ANDREA HJÁLMSDÓTTIR** (andrea@unak.is) er lektor við félagsvísindadeild Háskólans á Akureyri. Hún lauk meistarafráðu frá University of British Columbia í Kanada og stundar nú doktorsnám í félagsfræði við Háskóla Íslands. <https://orcid.org/0000-0003-2300-359X>

**BERGLJÓT ÞRASTARDÓTTIR** (bergljoth@unak.is) er lektor við kennaradeild Háskólans á Akureyri. Hún lauk doktorsgráðu í menntavísindum við deild menntunar og margbreytileika við Háskóla Íslands árið 2023. <https://orcid.org/0000-0002-3362-9572>